



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 11. febrúar 2019
R19020093

Borgarráð

Njáll RE. 272 - höfnun forkaupsréttar.

Óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Njál RE. 272 með skipaskráningarnúmerið 1575 skv. kauptilboði dags. 1. febrúar 2019.

Greinargerð:

Fiskiskipið Njáll RE. 272 með skipaskráningarnúmerið 1575 var selt með samþykktu kauptilboði dags. 1. febrúar 2019 fyrir kr. 5.000.000.- Skipið er selt án aflahlutdeildar, aflamarks, veiðireynslu og sérveiði- og almennra veiðileyfa. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða á sveitarstjórn forkaupsrétt á fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Lagt er til að borgarráð hafni að nýta að þessu sinni lögbundinn forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Njál RE 272.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Kauptilboð í fiskiskipið Njál RE 272, dags. 15. febrúar 2019.

Skarfaklettur ehf., kt. 460790-1159, Tálknafirði, (kaupþilboðsgjafi) gerir eftirfarandi

kaupþilboð

í bátinn Njál RE. 272, skipaskrárnúmer 1575, sem er í eigu Fiskikledds ehf, kt. 591065-0179, Reykjavík (kaupþilboðshafi).

Bátinn ásamt þeim búnaði er bátnum fylgir og er um borð í bátnum, býðst kaupþilboðsgjafi til þess að kaupa fyrir:

Kr. 5.000.000.

Ólíubirgðir og birgðir smurólú og glussa, sem verða um borð í bátnum við afhendingu skulu fylgja með í kaupunum.

Kaupverðið greiðist þannig:

- *Við undirritun kaupsamnings og afhendingu, sem gert er ráð fyrir að verði **15.02.2019**, eða eftir nánara samkomulagi aðila, kr. **4.000.000**.*
- *Við útgáfu afsals, sem gert er ráð fyrir að verði **01.03.2019**, eða eftir nánara samkomulagi aðila, kr. **1.000.000**.*

Kaupþilboðsgjafa er það ljóst að báturinn mun við afhendingu vera án almenns leyfis Fiskistofu til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Kaupþilboðið miðast við **að engin** aflahlutdeild, **ekkert** aflamark, **ekki** sérveiðileyfi, **engin** veiðireynsla eða önnur réttindi sem tengjast veiðum og eða veiðileyfi bátsins fylgi bátnum. Gert er ráð fyrir því að kaupþilboðshafi flytji öll veiðiréttindi af bátnum fyrir afhendingu.

Við það er miðað að báturinn verði afhentur kaupþilboðsgjafa í Sandgerðishöfn, þann 15. febrúar 2019, eftir að öll veiðiréttindi hafa verið flutt af bátnum.

Fulltrúi kaupþilboðsgjafa hefur kynnt sér ástand bátsins með skoðun og sættir kaupþilboðsgjafi sig við ástand bátsins og þess er bátnum fylgir og var um borð í skipinu við þá skoðun.

Kaupþilboðið miðast við að báturinn og allt það sem í bátnum var við skoðun kaupþilboðsgjafa sé afhent kaupþilboðsgjafa **í því ástandi sem báturinn (og þess sem bátnum fylgir) er þar sem hann er** og tekur kaupþilboðsgjafi þannig alla áhættu af ástandi hins selda báts og þess er bátnum fylgir óháð því hvort kaupþilboðsgjafi gat skoðað ástand hins selda fyrir afhendingu eða ekki, þar á meðal ástand bátsins neðan sjólinu. Kaupþilboðsgjafi óskar ekki eftir því að báturinn sé tekinn í slipp og skoðaður neðan sjólinu eða skoðaður við bryggju af kafara neðan sjólinu. Með bátnum fylgja allar snurvörðir sem bátnum tilheyra, en voru ekki um borð í bátnum við skoðun kaupþilboðsgjafa. Ein snurvörðin er ónotuð en aðrar snurvörðir (þrjár til fimm) eru notaðar og hefur kaupþilboðsgjafa verið boðið að skoða þessi veiðarfæri en hefur hann afþakkað það.

Kaupþilboðsgjafa er það ljóst að kaupþilboðshafi þekkir ekki ástand hins selda báts, þar sem kaupþilboðshafi hefur aðeins verið eigandi bátsins í um einn mánuði. Þá er kaupþilboðsgjafa ljóst að báturinn hefur verið við bryggju í yfir eitt ár og gerir kaupþilboðsgjafi ráð fyrir því að margskonar búnaður bátsins og ástand neðan sjólinu þurfi viðgerðar við. Kaupþilboðsverðið (kr.




TIKÉ

5.000.000.) miðast við það að kaupþilboðsgjafi afsali sér rétti til þess að líta á hið keypta á einhvern hátt haldið galla við afhendingu.

Báturinn er ekki með haffærisskírteini Samgöngustofu og hefur kaupþilboðsgjafi kynnt sér athugasemdir Samgöngustofu á yfirliti skoðana um bátinn.

Við það er miðað að kaupþilboðshafi leggi samþykkt kaupþilboð þetta fyrir Reykjavíkurborg og bjóði Reykjavíkurborg forkaupsrétt að bátnum í samræmi við lög 116/2006.

Gildistími kaupþilboðsins er til kl. 17.00, 01.02.2019.

Fyrir hönd Skarfakletts ehf.,

1. febrúar 2019.


Steinar Skarfalettur
f. 460790-1159

Reykjavík, 1. febrúar 2019.

Ofangreint kaupþilboð samþykkt.



Skjal þetta hefur samið:
Magnús Helgi Arnason, lögmaður,
Hafnarhvoli við Tryggvagötu,
Reykjavík.